



Alþingi
Erindi nr. P 137/344
komudagur 23.6.2009

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. júní 2009
Tilvísun: 200906-0015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr.129/1997, með síðari breytingum, mál nr. 30.

Alþýðusamband Íslands styður framgang þessa máls.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Henný Hinz
Hagdeild ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Laugavegur 1 • Reykjavík
Sími: 031 0000 • Félagsnúmer: 1000000000
Netfang: althingi@althingi.is • www.althingi.is

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 137/341
komudagur 23.6.2009

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
B.t. Eiríkur Áki Eggertsson nefndaritari
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

22. júní 2009

Tilvísun: 2009060055

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 129/1997, þskj. 30., 137. löggjafarþing 2009.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 16. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, á þskj. 30, 30. mál, 137. löggjafarþing 2009, er varðar heimild lífeyrissjóðs til að eiga og reka íbúðarhúsnæði.

I.

Í staflið a, 1. gr. frumvarpsins er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 1. mgr. 36. gr. laganna þar sem lífeyrissjóðum verði heimilt að ávaxta fé sitt með kaupum og rekstri íbúðarhúsnæðis, þar á meðal útleigu.

Rétt er að vekja athygli á að 36. gr. laga nr. 129/1997 er nú byggð þannig upp að í 1. mgr. 36. gr. eru taldir upp í 10 töluliðum þeir fjármálagerningar sem lífeyrissjóðum er heimilt að ávaxta fé sitt í. Í þeim málsgreinum sem á eftir koma eru síðan settar takmarkanir á hversu hátt hlutfall einstakar gerðir fjármálagerninga mega vera af eigin fé lífeyrissjóða. Er það gert í þeim tilgangi að áhættudreifing eignasafna lífeyrissjóða sé sem mest.

Í ofangreindri breytingatillögu er ekki gert ráð fyrir neinum takmörkunum á hversu hátt hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóða fjárfestingar í íbúðarhúsnæði geti orðið. Þær takmarkanir sem nú eru í 2. - 10. mgr. 36. gr. myndu ekki ná til fjárfestinga í íbúðarhúsnæði, ef þeirri heimild yrði bætt við núgildandi lög í samræmi við frumvarp þetta. Ef frumvarp þetta yrði óbreytt að lögum myndu lífeyrissjóðir því geta fjárfest eingöngu í íbúðarhúsnæði, sem yrði óásættanlegt frá sjónarhorni áhættudreifingar.

Fjármálaeftirlitið getur því ekki mælt með að þessi grein frumvarpsins verði samþykkt óbreytt.

II.

Í staflið b, 1. gr. frumvarpsins er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 36. gr. laganna þar sem lífeyrissjóðum verði heimilt að stofna félag um rekstur íbúðarhúsnæðis skv. 11. tölul. 1. mgr. eða gera samning við einkaaðila um slíkan rekstur.

Í frumvarpinu segir að við 36. gr. skuli bætast ný málsgrein sem verði 10. mgr., en þar sem í 36. gr. eru nú þegar tíu málsgreinar hlýtur að vera átt við 11. mgr.

Í 5. mgr. 36. gr. laganna segir orðrétt: „Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki ... Þó er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa.“

Í frumvarpsgreininni er ekki vikið að því hver yrði staða félags um rekstur íbúðarhúsnæðis gagnvart ofangreindum lagaákvæðum, þ.e. hvort það félli undir síðasta málslið 5. mgr. 36. gr. laganna um félag sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa.

Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að tekin séu af öll tvímæli varðandi umrætt félag, gagnvart 5. mgr. 36. gr. laganna.

III.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við 38. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem kveði á um að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 38. gr. verði lífeyrissjóði heimilt að fjárfesta í íbúðarhúsnæði í samræmi við 11. tölul. 1. mgr. 36. gr., sem er hinn nýi töluliður sem vikið er að hér að ofan. Lífeyrissjóði á jafnframt að vera heimilt að halda því íbúðarhúsnæði sem hann hefur eignast við yfirtöku skv. 2. mgr. og skal líta á slíkt sem fjárfestingu skv. 11. tölul. 1. mgr. 36. gr.

Í 1. og 2. mgr. 38. gr. laganna segir að lífeyrissjóður megi ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins, en sé þó heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu og skulu eignirnar þá seldar eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku þeirra.

Ef það er ætlun löggjafans að breyta þeirri stefnu sem mörkuð var með setningu þessara ákvæða laganna, færi betur á að ákvæðunum sjálfum væri breytt til samræmis við það, frekar en að þeim væri breytt með undantekningarákvæði eins og lagt er til í frumvarpinu.

IV.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að heimild til handa lífeyrissjóðunum að fjárfesta í íbúðarhúsnæði geti verið einn þáttur í því að koma hreyfingu á fasteignamarkaðinn ásamt því að geta orðið grundvöllur fyrir því að á Íslandi skapist traustur og góður leigumarkaður eins og má víða sjá í nágrannalöndum okkar.

Fjármálaeftirlitið vill benda á að þau markmið sem ofangreindum breytingum á lögnum eru sett í greinargerðinni, stangast á við yfirlýst markmið laganna sjálfra.

Í 1. mgr. 36. gr. laganna er skýrt tekið fram að stjórn lífeyrissjóðs skuli móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Í greinargerð með upphaflega frumvarpinu sem síðar varð að lögum nr. 129/1997, segir um þetta markmið laganna: „Í 1. mgr. er gerð sú almenna krafa til stjórnar lífeyrissjóðs að hún ávaxti fé sjóðsins á þeim kjörum sem best eru í boði hverju sinni en síðan talið upp í hvaða verðbréfum sjóðunum verði heimilað að fjárfesta að gættum almennum skilyrðum í ákvæðinu. Tilgangurinn er að stuðla að því að lífeyrissjóðir nái sem bestri ávöxtun á fé sjóðfélaga sinna og jafnframt að áhættunni sé dreift með eðlilegum hætti.“

Fjármálaeftirlitið telur ekki heppilegt, með hliðsjón af síðari túlkun laganna, að sett séu ákvæði um fjárfestingarstefnu sem hafa það yfirlýsta markmið að „koma hreyfingu á fasteignamarkaðinn“ eða að hér á landi „skapist traustur og góður leigumarkaður“. Augljóst er af 1. mgr. 36. gr. laganna að fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða hefur ekki verið ætlað annað hlutverk en að tryggja að fé sjóðanna væri ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma og að ná sem bestri ávöxtun á fé sjóðfélaga, í þeim tilgangi að greiða

þeim sem bestan líffeyri þegar þörf væri á.

Fjármálaeftirlitið leggur til að frumvarpið verði skoðað með hliðsjón af ofangreindum markmiðum laganna.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Ólafur E. Friðriksson
Ólafur E. Friðriksson

Alþingi
Erindi nr. P 137/452
komudag Alþingi 6. 2009

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. júní 2009

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

**Frumvarp til laga, þingskjal 30- 30. Mál, um breytingu á lögum um skyldutryggingu
lífeyrissjóðna og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum**

Í m.: Helgi Hjörvar, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Magnús Orri Schram

Frumvarpið heimilar lífeyrissjóðum að fjárfesta í og reka íbúðarhúsnæði, þar á meðal til útleigu, annað hvort á eigin vegum eða með samningi við einkaaðila. Lífeyrissjóðum er einnig heimilað að halda og reka eða leigja út íbúðarhúsnæði, sem sjóðurinn kann að eignast við yfirtöku og líta á slíkt sem fjárfestingu.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna fagnar þessari breytingatillögu á fjárfestingakostum lífeyrissjóðanna í þeim tilgangi að styrkja markaðshlutdeild langtímaleigu íbúðarhúsnæðis, hvort sem það er á vegum lífeyrissjóðanna eða óbeint með framsali til einkaaðila. Með þessu móti er veitt tækifæri til að nýta sparnað milli kynslóða, þar sem leigutökum á öllum eldursskeiðum verður gert kleift að velja milli eignar- og leiguforms í íbúðarhúsnæði á vegum lífeyrissjóðanna. Þessi leið ætti jafnframt að skapa lífeyrissjóðunum tækifæri til að minnka vægi verðtryggðra skuldbindinga og auka vægi óverðtryggðra fjárfestinga með hófsamri élagningu.

Í frumvarpinu er ekki gerður greinarmunur á hvort íbúðarhúsnæðið sé keypt eða yfirtekið af einstaklingum eða lögaðilum. Því verður fjármálastofnunum og skuldsettum verktökum gert kleift að selja lífeyrissjóðunum yfirtekið eða illseljanlegt íbúðarhúsnæði jafnt sem neytendum. Varað er við að þessi leið verði notuð til að losa íbúðareignasafn fjármálastofnana með skammtíma hagnaðarkröfu lífeyrissjóðanna að leiðarljósi.

Helsti vandi þeirra sem búa í leiguhúsnæði felst í óöryggi leigutaka varðandi búsetu þar sem leigutaki getur misst íbúðarhúsnæðið ofan af fjölskyldunni með skömmum fyrirvara t.d. vegna breytinga á eignarhaldi húsnæðisins, eða óásættanlegra og tíðra hækkana á leiguverði. Stjórn HH ítrekar að fjárfesting lífeyrissjóða í íbúðarhúsnæði verði í aðalatriðum langtímafjárfestingar, með hófsamri ávöxtunarkröfu, sem lúti öðrum lögmálum en viðskipti með hefðbundnar fjármálavörum og með það að leiðarljósi að veita leigutökum viðunandi búsetuöryggi og þannig stuðla að virkari og öruggari leigumarkaði. Virkur leigumarkaður ætti að stuðla að eðlilegri verðmyndun á sjálfseignarhúsnæði og þar með forða bólumyndun á eignarmarkaði og þannig tryggara eignasafni vegna þeirra útlána sjóðanna.

Virðingarfyllt,

Í h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is

Arney Einaradóttir

Frithrik Ó. Friðriksson
Þorvaldur Þorvaldsson

Alþingi
Erindi nr. P 137/363
komudagur 24.6.2009



Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.06.2009
200906537
60.12
EJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, 30. mál.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins og gerir ekki efnislegar athugasemdir.

Virðingarfyllt

Einar Jónsson lögfr.



**LANDSSAMBAND
ELDRI BORGARA**

Landssamband Eldri Borgara
F. h. Landssambands Eldri Borgara
150 Reykjavík
Sími: 575 5500
Netfang: leb@lebb.is
www.lebb.is

Alþingi
Erindi nr. P 137/364
komudagur 24.6.2009

Eiríkur Áki Eggertsson
Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 19. júní 2009

Fjallað hefur verið um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um að lífeyrissjóðir fái heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði. Landssamband eldri borgara er sammála því að heimildin gæti orðið grundvöllur fyrir því að á Íslandi skapist traustur og góður leigumarkaður auk þess sem ekki verði séð að íbúðarhúsnæði til handa fólkinu í landinu sé síðri fjárfesting en erlend hlutabréf sem sjóðirnir hafa lögfesta heimild til að fjárfesta í.

F. h. Landssambands eldri borgara

Valgerður Katrín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri LEB

Efnahags- og skattanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2009


Efni: Umsögn um frumvarp til laga skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði, 30. mál.

Frumvarp sem hér um ræðir fjallar um að lífeyrissjóðum sé heimilt að eiga og reka íbúðarhúsnæði og því eru lagðar til í frumvarpinu nokkrar breytingar á 36. grein laganna sem fjallar um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna.

Ljóst er að lífeyrissjóðum er í dag heimilt að fjárfesta með óbeinum hætti í fasteignum, þ.e.a.s. gegnum verðbréfasjóði og eignarhlut í hlutafélögum, sem hafa það megin markmið að eiga og reka fasteignir. Víða erlendis eru fjárfestingar í fasteignum nokkuð veigamikill þáttur í eignasöfnum lífeyrissjóða. Eðlilegt er að tekið verði til skoðunar, hvort auka eigi heimildir lífeyrissjóða hér á landi til fasteignakaupa og ef svo er með hvaða hætti.

Hvað varðar umrætt frumvarp þá nær heimildin aðeins til beinna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði. Landssamtök lífeyrissjóða telja eðlilegra að slíkar heimildir nái einnig til annarra fasteigna, s.s. til beinna fjárfestinga í atvinnuhúsnæði. Tekið er undir það sjónarmið í greinargerð frumvarpsins að fjárfesting í fasteignum sé góð langtíma-fjárfesting og ætti því að samrýmast vel fjárfestingastefnu sjóðanna. Í núgildandi lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 er í sjálfu sér ekkert sem bannar að lífeyrissjóðir kaupi t.a.m. hlutabréf í félögum sem sérhæfa sig að eiga og reka íbúðarhúsnæði. Landssamtök lífeyrissjóða telja vænlegra að eignast hlut í slíkum félögum frekar en að einstakir lífeyrissjóðir taki að sér útleigu og rekstur íbúðarhúsnæðis.

Að lokum skal tekið fram að lífeyrissjóðirnir hafa á umliðnum árum og áratugum fjárfest í skuldabréfum Íbúðalánasjóðs og m.a. veitt lán fyrir tilstuðlan sjóðsins til bygginga leiguíbúða, t.a.m. hjá Húsnæðissamvinnufélaginu Búseta.

Virðingarfyllst,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA


Alþingi
Erindi nr. P 137/406

frídagur 25.6.2009

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is


Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. júní 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (30. mál).

Neytendasamtökin styðja þetta frumvarp og hvetja til þess að það verði samþykkt.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 137/349
komudagur 23.6.2009

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Alþingi Austurvelli 150 Reykjavík	23. júní 2009	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 16. júní sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 30. mál, heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur ekki athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp.

Fríður Þrasson

Árnór Ögm.

Alþingi
Erindi nr. P 137/345
komudagur 23.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 22. júní 2009
RH/SLB/018/09

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, með síðari breytingum. - 30. mál.

Vísað er til bréfs, dags. 16. júní 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Tryggingastofnun hefur ekki athugsemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Sigríður Lillý Baldursdóttir
forsjóri



Alþingi
Erindi nr. P 137/716
komudagur 14.08.2009

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. ágúst 2009

Efni:

Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.
137. löggjafarþing 2009, þskj. 30 – 30. mál.


Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist beiðni efnahags- og skattanefndar, dags. 16. júní 2009, um umsögn varðandi ofangreint frumvarp. Beiðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu en ástæðuna má rekja til sumarleyfa starfsmanna.

Félagsbústaðir hf., sem er fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar, hafa frá árinu 1997 átt og rekið allt félagslegt leiguhúsnaði á vegum borgarinnar. Félagsbústaðir eru stærsti aðilinn í rekstri íbúðarhúsnaðis á Íslandi og fyrirtækið á aðild að norrænu samtökunum NBO (Nordiska Kooperativa och Allmännyttiga Bostadsföretags Organisation) en á vegum þeirra samtaka eru reknar samtals um 2,5 milljónir íbúða. Með stofnun fyrirtækisins var rekstur félagslegra leiguíbúða Reykjavíkurborgar aðskilinn frá öðrum rekstri borgarinnar. Félagsbústaðir eru öflugt þjónustufyrirtæki með sérþekkingu á rekstri fasteigna. Hlutverk Velferðarsviðs borgarinnar er hins vegar að úthluta íbúðum til umsækjenda um félagslegt leiguhúsnaði, hafa eftirlit með gæðum þjónustunnar og veita nauðsynlegt aðhald að rekstri og fjárhagsstöðu rekstraraðilans.

Með hliðsjón af framansögðu telur Velferðarsvið rétt að Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, Reykjavík, veiti umbeðna umsögn um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Helga Jóna Benediktsdóttir, lögrfr.

Alþingi
Erindi nr. P 137/407
komudagur 25.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (30. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér lífeyrissjóðunum verður gert heimilt að kaupa og reka íbúðarhúsnæði.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs